

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur mánudaginn 28. febrúar 2011 í máli nr. X-497/2010:

Fósturmold ehf.

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

gegn

Glitni banka hf.

(Páll Eiríksson hdl.)

I

Mál þetta sem þingfest var hinn 1. október 2011 var tekið til úrskurðar 9. mars 2011. 2010. Sóknaraðili er Fósturmold ehf., Kringlunni 35, Reykjavík, en varnaraðili er Glitni banki hf., Sóltúni 26, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru að krafa hans að fjárhæð 12.300.000 krónur auk dráttar vaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 18. október 2007 til 22. apríl 2009 verði viðurkennd sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 við slit varnaraðila. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómkröfur varnaraðila eru að staðfest verði sú afstaða slitastjórnar varnaraðila að hafna kröfu sóknaraðila. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að viðbættum virðisaukaskatti.

II

Málavextir eru þeir helstir að hinn 4. október 2000 sótti Leó E. Löve fyrir hönd sóknaraðila um stofnun tékkareiknings hjá varnaraðila sem þá hét Íslandsbanki hf. Var sóknaraðila veitt heimild til stofnunar tékkareiknings í bankanum nr. 513-26-8043. Í málinu liggur fyrir umboð til úttektar af framangreindum reikningi, undirritað af fyrrgreindum Leó E. Löve fyrir hönd sóknaraðila til handa Bjarka Steini Jónssyni. Er umboðið dagsett 5. september 2006. Umboð þetta var fellt niður af hálfu sóknaraðila 24. maí 2007.

Af gögnum málsins má ráða að heimild til yfirdráttar á ofangreindum reikningi nr. 513-26-8043 var hækkuð úr 4.500.000 krónum hinn 5. september 2006 í 14.500.000 krónur og hinn 14. nóvember 2006 var hún hækkuð í 15.000.000 króna. Hinn 14. desember 2006 var yfirdráttarheimildin felld niður.

Samhliða hækkun á yfirdráttarheimild gaf sóknaraðili út tryggingarbréf með veði í fasteigninni Austurstræti 6, Reykjavík, til handa varnaraðila að fjárhæð 14.000.000 króna. Var tryggingarbréfið undirritað af Leó E. Löve og Rannveigu Löve fyrir hönd sóknaraðila.

Hinn 7. október 2008 ákvað fjármálaeftirlitið að taka yfir vald hluthafafundar varnaraðila og skipa honum skilanevnd. Varnaraðila var veitt heimild til greiðslustöðvunar 24. nóvember 2008 sem standa átti til 13. febrúar 2009. Var greiðslustöðvunin framlengd hinn 19. febrúar 2009 til 13. nóvember 2009. Áður en sá tími var á enda, hinn 12. maí 2009, var varnaraðila skipuð slitastjórn. Gaf slitastjórnin út innköllun til skuldheimtumanna sem birtist fyrra sinni í Lögbirtinga blaði 26. maí 2009 og rann kröfulýsingarfrestur út sex mánuðum síðar eða 26. nóvember 2009. Frestdagur við slitameðferðina er 15. nóvember 2008 og upphafsdagur slitameðferðar er 22. apríl 2009,

Sóknaraðili lýsti kröfu sinni með kröfulýsingu 25. nóvember 2009 sem móttokin var af slitastjórn varnaraðila sama dag. Lýsti sóknaraðili kröfu að fjárhæð 12.300.000 krónur auk dráttarvaxta frá 18. október 2007 til greiðsludags og lögfræðiþóknunar að fjárhæð 50.000 krónur. Slitastjórn varnaraðila hafnaði kröfu sóknaraðila og var sóknaraðila kynnt sú afstaða með bréfi 27. apríl 2010. Sóknaraðili mótmælti afstöðu slitastjórnar og á skiptafundi sem haldinn var 19. maí 2010 var fjallað um ágreininginn. Var boðað til nýs fundar til að fjalla um ágreininginn 10. júní 2010 og þar sem ekki tókst að jafna ágreining aðila var honum vísað til héraðsdóms með bréfi dagsettu 5. júlí 2010 sem móttekið var 26. ágúst 2010.

III

Sóknaraðili kveður að á árinu 2006 hafi staðið til að Bjarki Steinn Jónsson og aðilar á hans vegum keyptu alla hluti í sóknaraðila og hafi hugmyndir þær verið kynntar varnaraðila. Sé sóknaraðila ekki kunnugt um hvað hafi síðan gerst milli Bjarka Steins og varnaraðila en með einhverjum hætti hafi orðið til yfirdráttur á framangreindum bankareikningi sem hafi verið skráður skuld sóknaraðila þótt slík skuldsetning hafi ekki fengið samþykki til þess bærra aðila. Hafi fyrirsvarsmaður sóknaraðila ekki gefið umræddum Bjarka Steini heimild til úttektar af nefndum reikningi sóknaraðila. Minnst fyrirsvarsmaður sóknaraðila þess ekki að hafa gefið slíka heimild og megi við skoðun framlagðra skjala sjá að nafnritun fyrirsvarsmannsins séu ekki eins á þeim. Hefði því starfsmönnum varnaraðila verið rétt að leita staðfestingar. Þá hafi fyrirsvarsmaður sóknaraðila aldrei hitt þá tvo

menn sem segjast hafa verið viðstaddir svokallaða undirskrift hans. Hinn 18. október 2007 hafi 16.700.000 krónur verið lagðar inn á reikninginn og hafi sóknaraðili talið að reikningurinn væri í jákvæðri stöðu. Hafi þá varnaraðili ráðstafað fé af bankareikningnum án heimildar sóknaraðila.

Sóknaraðili kveður skuld þá sem starfsmenn varnaraðila virðast hafa leyft að stofnað yrði til hafi verið sóknaraðila með öllu óviðkomandi og sjálftekin endurgreiðsla hennar því ólöglegt. Ekki síður sé það ólöglegt sjálfstaka að taka sem greiðslu nokkuð sem kallað hafi verið málskostnaður, þar sem engin löglegt skuld hafi verið til. Hafi Bjarki Steinn Jónsson enga heimild haft til að skuldbinda félagið með stofnun hárrar skuldar með yfirdrætti. Hafi varnaraðila mátt vera þetta ljóst. Þá beri það vott um óvandaðan starfsmáta fjármálafyrirtækis að bæði stofna til hás yfirdráttar án heimildar þeirra sem stjórnir fyrirtækinu og ráðstafa svo háum fjárhæðum út af bankareikningi með millifærslum án heimildar stjórnarmanna.

Sóknaraðili viðurkennir að ráðstöfun á 4.500.000 krónum til Leós E. Löve hafi verið heimil og hafi þess verið gætt í kröfugerð sóknaraðila.

IV

Varnaraðili telur kröfu sóknaraðila vanreifaða og órökstudda auk þess sem grundvöllur kröfunnar sé með öllu óljós. Af þessum sökum telji varnaraðili ekki unnt að fallast á kröfu sóknaraðila.

Mál þetta sé tilkomið vegna yfirdráttar á bankareikningi nr. 513-26-8043. Sóknaraðili haldi því fram í kröfugerð að Bjarka Steini Jónssyni hafi verið heimilað af hálfu varnaraðila að fara svo með reikninginn sem honum sýndist án heimildar frá þar til bærum stjórnendum félagsins og þar með hafi orðið til óheimill yfirdráttur sem síðan hafi verið jafnaður að mestu þegar 16.800.000 krónur hafi verið lagðar inn á reikninginn 18. október 2007.

Svo sem fram hafi komið hafi Leó E. Löve fyrir hönd sóknaraðila veitt Bjarka Steini Jónssyni umboð til úttektar af reikningnum 5. september 2006. Umboðið hafi síðar verið afturkallað af hálfu sóknaraðila 4. maí 2007. Virðist krafa sóknaraðila byggjast á því að varnaraðili beri með einhverjum hætti ábyrgð á þeirri skuldbindingu sóknaraðila sem stofnað hafi verið til með yfirdrætti á framangreindum bankareikningi. Kveðst varnaraðili skilja kröfu sóknaraðila á þennan hátt en kröfugerðin og grundvöllur kröfunnar sé með öllu óljós og vanreifaður.

Í október 2008 hafi varnaraðila verið skipt upp í tvo hluta samkvæmt lögum nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissóði vegna sérstakra aðstæðna á fjár málamarkaði o.fl. Íslenskar eignir og allar innstæður hafi færst yfir í Nýja Glitni banka hf., síðar Íslandsbanka hf. Aðrar eignir, flestar eignir utan Íslands, og skuldir hafi verið áfram í varnaraðila. Íslenskir reikningar hafi verið fluttir til Íslandsbanka hf., þ.á.m. yfirdráttur á reikningi nr. 513-26-8043.

Hafi Nýi Glitnir banki haf. fljótlega hafið innheimtuaðgerðir gagnvart sóknaraðila máls þessa og Bjarka Steini Jónssyni vegna yfirdráttar á fyrrgreindum reikningi. Samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 26. nóvember 2008 í máli nr. E-5964/2007 hafi málinu verið vísað frá dómi sökum vanreifunar. Hafi sóknaraðila því verið ljóst þegar hann lýsti kröfu sinni á hendur varnaraðila að varnaraðili væri ekki aðili að deilu hans vegna skuldbindinga sem stofnað hafi verið til á reikningi sóknaraðila nr. 513-26-8043 enda höfðu skuldbindingar hans gagnvart bankanum verið færðar yfir til Nýja Glitnis banka hf. á grundvelli ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins um yfirfærslu eigna. Sé kröfu sóknaraðila því beint að röngum aðila.

Verði ekki fallist á það tekur varnaraðili fram að í málaltilbúnaði sóknaraðila komi fram að Bjarka Steini Jónssyni hafi verið heimilað af hálfu varnaraðila að fara svo með reikning sóknaraðila í bankanum sem honum sýndist án heimildar frá þar til bærum stjórnendum sóknaraðila. Af þessum málaltilbúnaði megi ráða að sóknaraðili telji fyrrnefndan Bjarka Stein hafa skuldbundið sóknaraðila með yfirdráttarláni á bankareikningi sóknaraðila án formlegrar heimildar þar til bærra forráðamanna sóknaraðila og að varnaraðili beri ábyrgð á því að Bjarki Steinn hafi stofnað til þeirra skuldbindinga. Meðal ganga málsins liggi fyrir umboð til handa Bjarka Steini til úttektar af nefndum reikningi sóknaraðila og sé það undirritað af stjórnarformanni sóknaraðila, Leó E. Löve. Á grundvelli þessa umboðs hafi Bjarki Steinn stofnað til skuldbindinga fyrir hönd sóknaraðila. Þá hafi sóknaraðili gefið út tryggingabréf að fjárhæð 14.000.000 króna samhliða hækkun yfirdráttarins úr 4.500.000 krónum í 14.500.000 krónur. Verði af því ekki dregin önnur ályktun en sú að það hafi verið gefið út til tryggingar framangreindri heimild til yfirdráttar á reikningi 513-26-8043.

Með vísan til framangreinds hafnar varnaraðili fullyrðingum sóknaraðila um að varnaraðili hafi heimilað ráðstafanir á reikningi sóknaraðila án heimildar þar til bærra aðila.

Í greinargerð sóknaraðila segi að lesa megi það út úr skjölum málsins að Leó E. Löve hafi gefið Bjarka heimild til úttektar af reikningi félagsins en Leó minnst þess ekki að hafa gefið slíka heimild og sjá megi að nafnritun á framlögðum skjölum nr. 2 séu ekki eins þannig að rétt hefði verið af hálfu starfsmanna bankans

að leita staðfestingar. Varnaraðili hafnar þeim fullyrðingum sóknaraðila að undirritun stjórnarformanns sóknaraðila á umboð til handa Bjarka Steini og aðrar undirritanir hans á skjölum í bankanum hafi gefið tilefni fyrir varnaraðila til að leita sérstakrar staðfestingar á undirritun stjórnarformannsins á umræddu umboði. Telur varnaraðili þvert á móti að fullt tilefni hefði verið til að líta svo á að umboðið stafaði frá þar til bærum aðila og fæli í sér heimild til handa umboðshafa til að skuldbinda umboðsgjafann, sóknaraðila, með þeim hætti sem gert hafi verið. Telji sóknaraðili að undirskrift stjórnarformannsins hafi verið fölsuð á umræddu umboði sé þar að sjálfsgöðu um refsivert athæfi að ræða sem hann ætti að kæra til lögreglu.

Beri varnaraðili ekki ábyrgð á þeirri skuld sem stofnast hafi á reikningi sóknaraðila vegna yfirdráttar. Beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

Kröfu sóknaraðila um dráttarvexti af höfuðstól kröfunnar frá 18. október 2007 til greiðsludags sé hafnað á sömu forsendum og kröfu hans um greiðslu höfuðstóls enda sé hún vanreifuð og órökstudd.

Um lagarök vísar varnaraðili til laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og meginreglna gjaldþrota-, samninga- og kröfuréttar. Kröfu um málskostnað styður varnaraðili við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og kröfu um virðisaukaskatt á málflutingsþóknun byggir hann á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

V

Enda þótt fallast megi á það með varnaraðila málatilbúnaður sóknaraðila sé ekki skýr og glöggur má af skjölum málsins ráða að viðskipti þau sem sóknaraðili byggir kröfur sínar á fóru fram á árinu 2006 og 2007. Verður því ekki annað séð en að varnaraðili sé réttur aðili að málinu.

Skilja má málatilbúnað sóknaraðila þannig að varnaraðili beri ábyrgð á yfirdrætti þeim sem myndaðist á reikningnum, þar sem Bjarki Steinn Jónsson hefði yfirdregið reikninginn án heimildar og hefði varnaraðila átt að vera það ljóst. Af kröfugerð sóknaraðila má ráða að hann telji sig eiga rétt á að fá greiddan mismuninn á þeim 16.700.000 krónum sem greiddust inn á umræddan reikning 18. október 2007 að frádregnum 4.500.000 krónum þar sem ráðstöfun þeirrar fjárhæðar hafi verið heimil.

Eins og rakið hefur verið liggur fyrir í málinu umboð, undirritað af fyrirsvarsmanni sóknaraðila, til handa Bjarka Steini Jónssyni til úttektar á umræddum bankareikningi sóknaraðila. Bera gögn málsins með sér að eftir 21. september 2006 hafi umræddur Bjarki Steinn verið skráður umráðamaður reikningsins hjá varnaraðila. Fyrirsvarsmaður sóknaraðila kveðst ekki reka minni til þess að hafa gefið Bjarka Steini umrætt umboð en samt sem áður sá hann ástæðu til að fella sérstaklega niður umboð til sama aðila. Hefur sóknaraðili ekki kært meinta skjalafölsun til lögreglu. Hefur umboði þessu því ekki verið hnekkkt með nokkru móti.

Þegar gögn málsins eru virt þykir sóknaraðili ekki hafa sýnt fram á það með hald bærum gögnum að varnaraðili hafi á nokkurn brugðist skyldum sínum gagnvart sóknaraðila þannig að hann beri ábyrgð á yfirdrætti þeim sem myndaðist á reikningi sóknaraðila hjá varnaraðila. Hefur sóknaraðili því ekki sýnt fram á að hann eigi kröfu á hendur varnaraðila vegna þessara viðskipta og verður kröfum hans því hafnað.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila málskostnað sem þykir eftir atvikum og með hliðsjón af umfangi málsins vera hæfilega ákveðinn 200.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu sóknaraðila flutti málið Páll Arnór Pálsson hrl. en af hálfu varnaraðila flutti málið Páll Eiríksson hdl.

Greta Baldursdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð

Staðfest er sú afstaða slitastjórnar varnaraðila Glitnis banka hf., að hafna kröfum sóknaraðila, Fósturmoldar ehf. við slit varnaraðila.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 200.000 krónur í málskostnað.

Greta Baldursdóttir

